



Dalapósturinn

2. tölublað 2012

Fasteignagjöld 2012

Innheimta

Fasteignagjöldin verða innheimt með rafrænum greiðsluseðlum sem hægt er að nálgast í netbanka. Gjaldendum er einnig bent á þann möguleika að láta viðskiptabanka sinn sjá um beingreiðslur á fasteignagjöldum.

Fjöldi gjalddaga er almennt 6, sá fyrsti 5. febrúar og sá síðasti 5. júlí. Ef heildargjöld greiðanda eru undir kr. 12.000 þá er einungis einn gjalldagi, 5. apríl. Greiðsluseðlar fyrir febrúar verða þó fyrst aðgengilegir frá 16. febrúar.

Veittur er 5% staðgreiðsluafsláttur séu öll gjöld greidd í síðasta lagi 15. febrúar.

Nánari upplýsingar um staðgreiðsluafslátt, bankarreikning og innheimtu veitir Ingibjörg Jóhannsdóttir bókari í síma 430 4700 kl. 9-13 eða senda fyrirspurn á netfangið ingibjorgjo@dalir.is.

Eindagi fasteignagjalda er 30 dögum eftir gjalddaga. Ef fasteignagjöldin eru ennþá ógreidd mánuði eftir eindaga verða þau send í innheimtu.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Álagning

Álagningarseðla fasteignagjalda má nálgast rafrænt (pdf-skjöl) á þjónustusíðu opinberra aðila www.island.is. Íbúar 67 ára og eldri hafa fengið þá senda í pósti og þeir sem þess hafa óskað.

Aðgangur að Island.is er kennitala viðkomandi og aðalveflykill ríkisskattstjóra eða rafræn skilríki. Nánari upplýsingar og aðstoð má fá á skrifstofu Dalabyggðar kl. 10-14, í síma 430 4700 kl. 9-13 eða með því að senda fyrirspurn á netfangið dalir@dalir.is.

Álagður fasteignaskattur er

- a) 0,50% af álagningarstofni íbúðarhúsa, útihúsa og sumarbústaða ásamt lóðarleiguréttindum og jarðeigna.
- b) 1,32% af álagningarstofni opinbers húsnæðis.
- c) 1,50% af álagningarstofni allra annarra fasteigna og lóða.

Lóðaleiga

- a) íbúðarhúsnæðis er 1,70% af fasteignamati lóðar.
- b) atvinnuhúsnæði er 2,00% af fasteignamati lóðar.

Afsláttur ellilífeyrisþega og öryrkja

Elli- og örorkulífeyrisþegar, með lögheimili og búsetu í Dalabyggð, njóta afsláttar af fasteignaskatti og holræsagjaldi, sem lagt er á íbúðarhúsnæði í eigu viðkomandi enda hafi hann þar búsetu. Afslátturinn er tekjutengdur. Við ákvörðun afsláttar skulu notaðar eftirfarandi viðmiðanir:

Tekjumörk einstaklinga	Tekjumörk hjóna	Afsl.
Allt að 2.000.000 kr	Allt að 3.300.000 kr	100 %
Allt að 2.200.000 kr	Allt að 3.630.000 kr	75 %
Allt að 2.400.000 kr	Allt að 3.960.000 kr	50 %
Allt að 2.600.000 kr	Allt að 4.290.000 kr	25 %